

Aldurs- og umgengnisreglur í Sundlaug Hafnar.

Börnum yngri en 10 ára er óheimill aðgangur að sund- og baðstöðum nema í fylgd með syndum einstaklingi 15 ára eða eldri. Ekki skal leyfa viðkomandi að hafa fleiri en tvö börn með sér, nema um sé að ræða foreldri eða forráðamann barna. Aldursmörk gilda til 1. Júní það ár sem barnið verður 10 ára.

Þar sem hópur barna 10 ára aldri eru saman komin skulu ekki fleiri en 15 börn vera í umsjá leiðbeinanda, sem er ábyrgur fyrir hópnum, og gæslumanna lauga. Til að auðvelda kennara eða ábyrgðarmanni hópa að fylgjast með hverju barni skulu hópar barna sérstaklega auðkenndir með áberandi lit á sundhettum, armböndum eða á annan sambærilegan hátt. Fyllsta öryggis skal gætt þegar er með hóp af börnum og unglingum í sund. Forráðamenn hópa kynni sér reglur sund- og baðstaða og aðstoði starfsfólk við gæslu.

Sundgestum er óheimilt að nota köfunartæki í laug þ.m.t öndunarpípur og grímur sem ná yfir öndunarfæri nema með leyfi laugavarðar. Starfsmenn sundlauga þurfa að hafa góðar gætur á notkun flotleikfanga og geta bannað ungum lítt syndum sundiðkendum notkun þeirra nema ábyrgir gæslumenn gæti fyllstu varúðar.

Sundgestir skulu ávallt þvo sér vandlega án sundfata, áður en þeir fara ofan í laug og vera í hreinum sundfötum. Í baðklefum skulu vera leiðbeiningarspjöld með ábendingum til gesta um að þvo sér áður en farið er í laug.

Vítavert framferði sundgesta, svo sem dýfingar af langhliðum, kaffæringar vatnsskvettur og gáleysi í vatnsrennibrautum varða brottrekstur úr laug. Hætta getur stafað af síendurteknum köfunum og langsundi í kafi.

Sundgestum ber að fara að fyrirællum starfsmanna sundstaðar í hvívetna. Verði sundgestur ekki við fyrirællum starfsmanna getur hann vísað viðkomandi af sundstað.

Einstaklingum sem eru undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna er óheimill aðgangur að sundstað. Reykingar eru alfarið bannaðar á sundstöðum.

Reglur um umgeni á sundstöðum skulu vera á áberandi stöðum. Þar skulu m.a. koma fram þær reglur sem sundstaðurinn setur um aldur, ábyrgð, hegðum og umgengni.

Fyllsta öryggis skal gætt þegar er með hóp af börnum og unglingum í sund. Forráðamenn hópa kynni sér reglur sundstaða vel og aðstoði starfsfólk við gæslu.